

Nr. 016 / 09 Farsæll GK 162***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 1636
Smíðaður: Svíþjóð 1977, stál
Stærð: 60 brl. 62 bt.
Mesta lengd: 21,2 m Skráð lengd: 19,48 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 3,12 m
Vél: Volvo Penta 375 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 5



Farsæll©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysatilkynning frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. mars 2008 var Farsæll GK 162 á dragnótaveiðum í Grindavíkurdýpi. Veður: NV 7 m/sek.

Skipverji var að vinna einn í lest og ætlaði að setja tómt fiskikar ofan á annað fullt. Hann stóð í kari við þetta og þegar hann var með tóma karið í fanginu kom snögg velta á bátinn. Við þetta missti skipverjinn fótanna, féll aftur fyrir sig með karið í fanginu og lenti ofan í öðru kari með hnakkann á brún þess.

Skipverjinn vankaðist um stund en hélt síðan áfram störfum en vegna stöðugs höfuðverks, verkja í baki og mars ákvað hann að fara til skoðunar hjá lækni þegar komið var í land.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá skipstjóranum að báturinn velti mikið og ekki þurfi mikið veður til þess;
- að ískrapi hafði komist í karið sem skipverjinn stóð í þegar hann féll;
- að skipverjinn var með hjálm en hann datt af honum í fallinu;
- að ekki var talið að atvikið væri alvarlegt og því ekki skráð í dagbók skipsins.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.